

Auglýsing

94

18. júní.

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hérmeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu.

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum hreppsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmennirnir eða héraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári: í marsmánuði, í júnímánuði og í októbermánuði. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi bréfaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns.

Héraðslæknir og sýslumaður eiga heimting á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hafa þeir atkvæðisrétt.

Formaður skal boða héraðslækni fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er leiðir af bréfaskriftum, skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

94

13. júní.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á að heilbrigðissamþykktin sé haldin, og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er um ræðir í þessari samþykkt, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, sem samþykktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmanna, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefnd skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta, ella tilkynna sýslumanni ef um brot á samþykktinni er að ræða.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sér útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fé sé veitt. Nú neitar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

II. Um íbúðarhús.

6. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unt sé að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, nema önnur loftræsing sé viðhöfð, og trégólf í öllum íbúðarherbergjum.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað af leigjanda eða eiganda húss, að ræstuð séu herbergi, séu þau svo óhrein, að nefndin álíti húsbúum hætta búin.

7. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur heilsu manna hættu búna af íbúðinni, og getur nefndin þá bannað íbúðina. Skal nefndin þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir, og skal fólkið fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, verði húsið eigi bætt á þeim tíma svo nefndinni þyki viðunandi. Þó er húseiganda frjálst innan 8 daga að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslumanns, en hann leitar álits héraðslæknis og leggur úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

8. gr.

94

18. júní.

Kjallara má eigi nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því, að vatn standi í þeim nokkur tíma.

III. Um skóla

9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, að minsta kosti tvisvar til fjórum sinnum á ári, eftir því sem henni þykir þurfa.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að læknir rannsaki heilsufar skólabarna í byrjun skólaársins, og að engu barni veitist inntaka í skólann, nema það hafi vottorð læknis um að það hafi engan næman sjúkdóm. Sama ákvæði gildir að því er kennara snertir.

Kostnaður sá, sem slík rannsókn hefir í för með sér, greiðist af hlutað-eigendum.

Hver kenslustofa skal vera svo stór, að 3 1/2 teningsmetrar komi á hvert barn í minsta lagi.

Allir gluggar skulu vera á hjörum.

Gólf skal þvo á degi hverjum, en ekki sópa.

Heilbrigðisnefnd getur þó veitt undanþágu hvað húsrúmið snertir.

10. gr.

Sýkist skólakennari eða nemandi á skólaárinu af berklaveiki eða öðrum næmum sjúkdómi, og læknir álitur að um sóttnæmishættu sé að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað, að kennarinn eða nemandinn komi í skólann þar til sú hættu, að dómi læknis, er um garð gengin.

Hold sveikur nemandi má ekki vera í skóla, og holdsveikir menn ekki fást við kenslu.

IV. Um bókunarhús.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á bókunarstofum í hreppnum, og skipa bókurum að hreinsa þær svo oft sem þurfa þykir. Þeir menn mega ekki vinna að brauðagerð, sem lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Deig má ekki hnoða með fótum.

Öll tóbaksnautn er bönnuð í bókunarstofum, og enginn má sofa í stofunum.

V. Um sölubúðir o. fl.

12. gr.

Sölubúðir, fundahús og hús, sem notuð eru til skemtana, skulu þvegin hátt og lágt að minsta kosti einu sinni á ári, og gólf í þeim húsum í hvert skifti eftir að þau hafa verið notuð. Þó skal nægja að þvo gólf í sölubúðum tvisvar í viku. Í sölubúðum, skólum og öllum þeim húsum, sem notuð eru til opinberra mannfunda, skulu vera nægilega margir hrákadallar og þeir vandlega hreinsaðir á degi hverjum. Verði kirkja bygð í hreppnum, gilda hinar sömu reglur að því er hana snertir.

VI. Um fráræslu.

13. gr.

Eldhússkólp og þvottaskólp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sé á að það saurgi jarðveginn undir húsunum. Skal veita öllu skólpi í opnum eða lokuðum ræsum burt frá húsunum, svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skólpræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo við og hallajöfn, að hvergi komi pollar eða vilpur og hvergi flói út úr þeim, og skal hreinsa þau svo oft, er þörf gerist.

Telji heilbrigðisnefnd nauðsyn á að vatnsheldur botn sé gerður í ræsi, getur hún heimtað slíka aðgerð.

Undantekning frá ræsagerð getur heilbrigðisnefnd veitt, ef viðkomendur kjósa heldur að bera skólp svo langt burtu, að heilbrigðisnefnd álitur hættulaust.

14. gr.

Ef ræsi er gert á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga þar nærri, skyldir að gera skólpræsi hver frá sínu húsi út í það ræsi, og skulu þau eigi miður gerð en aðalræsið.

Skyldir skulu eigendur blautfisks- og lýsisbræðsluhúsa að gera ræsi frá húsum þessum, ef heilbrigðisnefnd álitur þess þörf.

VII. Um vatnsból.

15. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða

peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, **94** slor eða hræ; og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull nè 18. júní. neitt það annað, er óhreinkar vatnið; eins fyrir því þó um straumvatn sé að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

16. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að milli-bilið sé 10 metrar.

Nú vill einhver gera nýjan eða breyta gömlum brunni, og skal hann tilkynna það heilbrigðisnefnd, en hún leggja dóm á vatnið, þá er grefti eða borun er lokið, hvort nýtilegt er, og hafa gætur á að brunnurinn sé gerður sem hér segir:

Sé brunnur boraður og járnleggir settir niður, skal gæta þess, að sam-skeytin milli leggjanna séu vatnsheld.

Sé brunnur grafinn, skal hlada hann upp innan úr grjóti, og steinlíma vandlega svo langt að neðan frá og uppeftir, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en aldrei skemur en 1 meter. Í stað slíkrar hleðslu má hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta einhverskonar limkendan leir, og skal það lag vera $\frac{1}{2}$ meter á þykkt. Hleðslan skal ná $\frac{1}{4}$ meter eða meir upp úr jörðu, og út frá brunntarminum skal leggja eða steypa steinkraga, sem sé að minsta kosti 1 meter á breidd og halli út frá brunnopinu.

Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur, og skal taka vatn úr brunnum með dælu er gangi upp í gegnum hlemminn, en upp með dælunni skal ganga strompur með hatti yfir, svo loft komist að vatninu.

Þar sem strjálbyggt er, og engin óhreinnindi í nánd, má heilbrigðisnefnd leyfa að brunnar séu gerðir úr grjóti, án steinlíms, og vatnið dregið upp í skjólu. Utan um slíka brunna skulu jafnan vera grindur, er séu í minsta lagi 1 meter á hæð.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni eða öðru vatns-bóli um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilnæmt.

Sé vatnið, að dómi læknis, skaðvænt, og ekki unt að gera við vatnsból-ið svo að vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda brunns-ins, að moka ofan í hann og fylla hann.

VIII. Um peningshús, hauga og forir.

18. gr.

Búpening má ekki hafa í mannahúsum, nema með sérstöku leyfi heil-brigðisnefndar.

94

18. júní.

19. gr.

Vilji einhver reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haugshús, skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart, áður en verkið er hafið, og skal hún gæta þess, að haldin séu fyrirmæli þau, er hér fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 10 metrum. Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi né alfaravegi en nemi 6 metrum. For og hauga má ekki gera og ekki hafa nær alfaravegi eða íbúðarhúsi en nemi 6 metrum, og ekki nær vatnsbóli en 10 metra. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{4}$ meter eða meir upp úr jörð, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, eða girða hana, svo örugt sé um, að menn eða skepnur geti ekki fallið í hana.

Standi hús þétt saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haugshús, og heimtað að forir séu gerðar úr grjóti og steinlími, svo að þær séu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

20. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, miklum óprífnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þá viðkomanda, að skjóta fyrirskipun nefndarinnar, á átta daga fresti, undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits héraðslæknis, og því næst kveða upp úrskurð svo fljótt sem unt er.

IX. Um salerni.

21. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja salerni, er sé sett á þeim stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Gólf í salerni skal vera steinsteypt eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum, og liggi gólfíð hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í því vel vatnsheldan saurkagga, er falli fast að setunni. Hafa má salerni innanhúss í sérstökum klefa, ef góður loftssúgur er í klefanum og saurilátin tæmd daglega. Ef vatnsheld for er hjá húsi, má hafa salerni yfir henni þannig, að saurindi falli jafnóðum í hana, en loftræsing skal þá vera góð í salerninu.

22. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein, og saurilátin tæmd áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir; hvar láta megí saur úr salernum.

23. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, er eldri eru en þessi samþykkt, eða

þau eru illa gerð eða óþrifleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, **94**
að þeir geri ný salerni samkvæmt 21. gr. 18. júní.

Vinnuveitendur skulu skyldir að hafa salerni svo mörg, sem heilbrigðisnefnd álitur nægja, og gilda hinar sömu reglur um frágang þeirra, sem annara salerna.

X. Um sorp og önnur óhreinindi.

24. gr.

Sorphauga og sorpgryfjur má eigi hafa nær íbúðarhúsum, alfaravegi eða vatnsbólum en nemi 10 metrum. Flytja skal burtu alt sorp að minsta kosti tvisvar á ári, haust og vor. Ef hús standa þétt saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sé safnað í laus ílát úr málmi, og flutt burtu, jafnótt og þau fyllast, á þann stað er hún tiltekur.

25. gr.

Það er skylda sjómanna að varpa öllu slori, hausum og dálkum í sjóinn eigi nær landi en 100 metra, ef þessu er eigi safnað í gryfjur á þeim stöðum, er heilbrigðisnefnd tiltekur, borið á tún eða hagnýtt á annan hátt.

Formenn, skipstjórar eða verkstjórar bera ábyrgð á, að þessu ákvæði sé hlýtt.

26. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fýlulykt eða daunilt renslí fer út á alfaraveg eða inn á eign þeirra, er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin tafarlaust burtu.

XI. Um iðnað, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta.

27. gr.

Hver sá iðnaður, sem óþrifnaður fylgir eða óhollusta, svo sem lýsisbræðsla, súton, fiskþvottur o. s. frv., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

XII. Um slátrun.

28. gr.

Slátrun skal fara fram á hreinlegum, afviknum stað og vera háð eftirliti

94 heilbrigðisnefndar. Ávalt skal hafa á blóðvelli sérstakt ílát fyrir sulli, og skulu 18. júní. þeir brendir að kveldi hvers slátrunardags eða grafnir að minsta kosti (einn) 1 meter í jörð niður.

XIII. Um matvöru.

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ekki sé höfð á boðstólum matvara, sem skemd er eða skaðleg fyrir heilsu manna, og skal henni heimilt að taka í búðum kaupmanna, fyrir gangverð, sýnishorn af hverri vöru, er hún telur líkur til að sé skemd eða óheilnæm, og láta rannsaka hana.

Komi það í ljós við rannsókn læknis eða annara manna er vit hafa á, að einhver matvara sé skemd og skaðleg til manneldis, getur heilbrigðisnefnd bannað að selja vöruna til manneldis, en getur leyft að selja hana til skepnu-fóðurs, sé það álitid hættulaust.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálf dauðum má ekki selja eða nota til manneldis, nema héraðslæknir eða dýralæknir álitir það hættulaust.

XIV. Um næma sjúkdóma.

30. gr.

Ef hættuleg farsótt kemur upp á svæði því, sem samþykktin nær yfir, er heilbrigðisnefnd heimilt, í samráði við héraðslækni, að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XV. Um kirkjugarða.

31. gr.

Verði gerður kirkjugarður í hreppnum, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæðið sé þurkað með lokræsum, ef það er raklent, svo vatn komi ekki upp í grafirnar.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði, á jafnsléttu né undan brekku, en nemi 65 metrum.

Grafa skal svo djúft, að 1 ½ metra moldarlag sé ofan á kistu.

XVI. *Um sektir o. fl.*

94

18. júní

32. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur henni samkvæmt, þá varðar það alt að 200 króna sekt, er rennur í sveitarsjóð.

Kjósi heilbrigðisnefnd heldur að vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, og síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

33. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1910.

Þetta er hérmeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 18. júní 1910.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.

Auglýsing

95

18. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Kirkjuhvammshrepp í Húnavatnssýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hérmeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Kirkjuhvammshrepp í Húnavatnssýslu, sem hlutaðeigandi sýslunefnd hefir samið.

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Kirkjuhvammshrepp í Vestur-Húnavatnssýslu.

I. *Almenn ákvæði.*

1. gr.

Samþykkt þessi nær yfir Kirkjuhvammshrepp.